

Reykjavík, 30. október 2019  
SFS2019030055  
175. fundur  
HG/sv

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga varðandi breytingu á skóladagatali grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2020 – 2021***

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerð verði breyting á skóladagatali grunnskóla borgarinnar vegna skólaársins 2020 – 2021. Gerð verði sú breyting að einn starfsdagur grunnskóla verði tileinkaður sameiginlegum starfsdegi skóla- og frístundastarfs borgarinnar þann 10. maí 2021 vegna þátttöku í menntastefnumóti.

**Greinargerð:**

Á 155. fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. mars 2019 var samþykkt skóladagatal fyrir grunnskóla borgarinnar skólaárið 2020 – 2021, sbr. meðfylgjandi minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. mars 2019.

Tilgreint er í samþykktu skóladagatali sem fylgdi minnisblaði, dags. 1. mars 2019, að sérstakir starfsdagar á starfstíma nemenda séu fimm og skulu þeir vera ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.

Í tengslum við ráðgert sameiginlegt menntastefnumót, heilsdagsráðstefnu í Hörpu, mánudaginn 10. maí 2021 er lagt til að gerðar verði breytingar á skóladagatali grunnskóla með þeim hætti að fram komi í skóladagatalinu að sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda séu fjórir og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Sameiginlegur starfsdagur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar er þann 10. maí 2021 í tengslum við menntastefnumót skóla- og frístundasviðs í Hörpu.

Lagt er til að í grunnskjal skóladagatals fyrir leikskóla- og frístundastarf verði 10. maí 2021 sérstaklega merktur sem sameiginlegur starfsdagur fyrir menntastefnumót.

Markmiðið er að sem flest starfsfólk skóla- og frístundasviðs geti nýtt sér daginn.

Skóladagatöl fyrir leikskóla- og frístundastarf eru ekki samþykkt formlega í skóla- og frístundaráði en stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F	Skírdagur	1 L	Verkalýðsdagurinn	1 Þ	
2 S		2 M		2 F		2 M		2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F	Föstudagurinn langi	2 S		2 M	
3 M	Fridagur verslunarmanna	3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F	
4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 F		4 M		4 F		4 F		4 S	Páskadagur	4 Þ		4 F	
5 M		5 L		5 M		5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 F		5 M	Annar í páskum	5 M		5 L	
6 F		6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F		6 S	Sjómanna dagurinn
7 F		7 M		7 M		7 L		7 M		7 F		7 S	Dagur stærðfræðinnar	7 S		7 M		7 F		7 M	
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ		8 F		8 M		8 M		8 F		8 L		8 Þ	
9 S		9 M		9 F		9 M		9 M		9 L		9 Þ		9 Þ		9 F		9 S		9 M	
10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 M		10 L		10 M	Menntastefnumót	10 F	Skólaslit
11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 F		11 M		11 F		11 F		11 S		11 Þ		11 F	
12 M		12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 F		12 M		12 M		12 L	
13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F	Uppstigningardagur	13 S	
14 F		14 M		14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S		14 M		14 F		14 M	
15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 M	Bolludagur	15 M		15 F		15 L		15 Þ	
16 S		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 L		16 Þ	Sprengidagur	16 Þ		16 F		16 S		16 M	
17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M	Óskudagur	17 M		17 L		17 M		17 F	Lýðveldisdagurinn
18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 F		18 M		18 F		18 F		18 S		18 Þ		18 F	
19 M		19 L		19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 F		19 M		19 M		19 L	
20 F		20 S		20 Þ		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ		20 F		20 S	
21 F		21 M		21 M		21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur	21 S		21 M		21 F		21 M	
22 L		22 Þ		22 F	Vetrarleyfi	22 S		22 Þ		22 F	Bóndadagur	22 M	Vetrarleyfi	22 M		22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ	
23 S		23 M		23 F	Vetrarleyfi	23 M		23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ	Vetrarleyfi	23 Þ		23 F		23 S	Hvítasunnudagur	23 M	
24 M	Skólaásetning	24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M		24 L		24 M	Annar í Hvítasunnu	24 F	
25 Þ		25 F		25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F		25 F		25 S		25 Þ		25 F	
26 M		26 L	Evrópski tungumáladagurinn	26 M	Vetrarleyfi	26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F		26 F		26 M		26 M		26 L	
27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ		27 F		27 S	
28 F		28 M		28 M		28 L		28 M		28 F		28 S		28 S	Pálmásunnudagur	28 M		28 F		28 M	
29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ		29 F				29 M		29 F		29 L		29 Þ	
30 S		30 M		30 F		30 M		30 M		30 L				30 Þ		30 F		30 S		30 M	
31 M				31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M			

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fjórir og skulu ákveðnir af skólustjóra í samráði við kennara og með hlíðsjón af kjarasamningum. Sameiginlegur starfsdagur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar er þann 10. maí 2021 í tengslum við Menntastefnumót skóla- og frístundasviðs í Hörpu. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólustjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

Reykjavík, 1. mars 2019  
SFS2019030055  
155. fundur  
HG/sv

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Skóladagatal grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2020 - 2021*

Í janúar 2016 voru í fyrsta sinn lögð fram og samþykkt í skóla- og frístundaráði skóladagatöl grunnskóla Reykjavíkur fyrir tvö næstu skólaár, 2016 – 2017 og 2017 - 2018. Var það m.a. gert vegna óska sem fram höfðu komið frá foreldrum um að þeir fái upplýsingar um skólastarf lengra en eitt ár fram í tímann. Rök þeirra voru einkum á þá leið að slíkt tókist í þeim nágrannalöndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Því er nú lagt fram skóladagatal fyrir grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2020 – 2021 til að fylgja því eftir að skóladagatöl fyrir tvö næstu skólaár liggja fyrir.

#### **1. Skólasetning**

Gert er ráð fyrir að skólasetning verði í öllum grunnskólum Reykjavíkur *mánudaginn 24. ágúst 2020*.

#### **2. Vetrarfrí á haustönn**

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á haustönn eftirtalda daga:

*Fimmtudaginn 22. október 2020*

*Föstudaginn 23. október 2020*

*Mánudaginn 26. október 2020*

#### **3. Vetrarfrí á vorönn**

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á vorönn eftirtalda daga:

*Mánudaginn 22. febrúar 2021*

*Þriðjudaginn 23. febrúar 2021*

#### **4. Umhverfis dagar**

Lagt er til að umhverfis dagar verði 16. september 2020 (Dagur íslenskrar náttúru) og 26. apríl 2021.

#### **5. Skólaslit**

Skólaslit í öllum grunnskólum borgarinnar verði *fimmtudaginn 10. júní 2021*.

***Kallað verður eftir skóladagatölum með skilafresti eigi síðar en 30. apríl 2020.***